



Leiðbeiningaefni fyrir fluglækna

1178/2011 Part-MED
2015/340 Part-ATCO.MED



Inngangur.....	3
Leiðbeiningar varðandi Part-MED/ Part-ATCO.MED Subpart A.....	4
MED.A.025 / ATCO.MED.A.025 – Skyldur fluglækna.....	5
Afleiðingar þess að gefa rangar eða ófullnægjandi upplýsingar.....	5
Skyldur fluglækna til að upplýsa umsækjendur.....	6
Endurskoðun heilbrigðisskorar (VER-0125).....	7
Önnur endurskoðun heilbrigðisskorar (e. Secondary review VER-0136).....	8
Útfylling og skil á skoðunar gögnum til Samgöngustofu.....	9
Skráning fluglæknaskoðana í EAMR.....	10
Meðferð og geymsla gagna.....	11
Tilvísun til yfirlæknis heilbrigðisskorar Samgöngustofu (VER-0133).....	11
MED.A.035 / ATCO.MED.A.035 – Umsókn um heilbrigðisvottorð.....	13
Athugun á auðkenni umsækjanda.....	13
Umsókn um heilbrigðisvottorð.....	13
Athugun á fyrri skoðun umsækjanda.....	14
MED.A.040 / ATCO.MED.A.040 – Útgáfa heilbrigðisvottorða.....	14
Umsókn verður að vera fyllilega útfyllt áður en vottorð er útgefið.....	14
Krafa um sjúkrasögu umsækjenda.....	15
Leiðbeiningar varðandi Part-MED Subpart D/Part-ATCO.MED Subpart C.....	16
MED.D.001 / ATCO.MED.C.001 – Heimildir.....	17
Heimildir sem fylgja starfsleyfi fluglæknis.....	17
Starfsemi fluglækna.....	17
MED.D.005 – Umsókn um starfsleyfi fluglæknis (AME).....	18
Umsókn um starfsleyfi fluglæknis (AME).....	18
MED.D.010 – Fyrsta útgáfa starfsleyfis fluglæknis (flokkur 2).....	18
Útgáfa starfsleyfis fluglæknis (flokkur 2).....	18
MED.D.015 – Útvíkkun réttinda fluglæknis (flokkur 1).....	19
Útvíkkun réttinda fluglæknis í flokk 1.....	19
ATCO.MED.C.010 – Útgáfa starfsleyfis fluglæknis – flokkur 3.....	20
Útgáfa starfsleyfis fluglæknis fyrir flokk 3.....	20
MED.030 / ATCO.MED.C.025 – Framlenging réttinda.....	21
Framlenging starfsleyfis fluglæknis.....	21
MED.D.025 – Skylda fluglækna til þess að tilkynna breytingar sem gætu haft áhrif á starfsleyfi.....	22
Tilkynning um rannsókn eða málsmeðferð.....	22



Leiðbeiningar fyrir fluglækna

Tilkynning um breytingar á hæfi eða starfsemi.	23
Tilkynning um flutning á aðsetri	23
Tilkynning varðandi skírteinishafa	23



Inngangur

Kröfur fyrir útgáfu heilbrigðisvottorða í flokkum 1, 2, 3 og LAPL sem og heilbrigðisskýrslu öryggis- og þjónustuliða eru settar fram í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, viðauka IV (Part-MED) (sjá nýjustu uppfærslur á vef EASA) og reglugerð (ESB) nr. 2015/340, viðauka IV (Part-ATCO.MED), ásamt ítarefni (AMC og GM). Samgöngustofa er lögbært yfirvald framangreindra reglugerða.

Þetta leiðbeiningaefni hefur verið unnið fyrir handhafa starfsleyfa fluglækna, sem útgefin eru af Samgöngustofu, og er ætlað að vera stuðningur við Part-MED og Part-ATCO.MED. Í leiðbeiningunum er að finna nánari lýsingu á verklagsreglum / verkferlum sem gilda fyrir íslenska fluglækna til þess að tryggja samræmi við viðeigandi reglugerðir.

Nýjustu útgáfu leiðbeininganna má finna á heimasíðu Samgöngustofu hverju sinni, og endurspegla þær gildandi lög og reglur. Ætlast er til þess að fluglæknar vinni samkvæmt þessum leiðbeiningum ásamt gildandi lögum og reglum. Þá er einnig ætlast til þess að fluglæknar fylgi sérstökum tilmælum yfirlæknis heilbrigðisskorar Samgöngustofu varðandi einstaka mál.

Með von um árangursríkt samstarf,
Berglind Ýr Jónasdóttir
deildarstjóri Flugrekstrar- og skírteinadeildar

Ef fluglæknar þurfa að hafa samband við starfsfólk heilbrigðisskorar Samgöngustofu er þeim leiðbeint að hafa samband á eftirfarandi hátt til þess að tryggja afgreiðslu erinda:

Netfang:
medical@icetra.is

Heimilisfang:
Samgöngustofa
Ármúla 2,
108 Reykjavík
Ísland



Leiðbeiningar varðandi Part-MED/ Part-ATCO.MED Subpart A

Almennar kröfur



MED.A.025 / ATCO.MED.A.025 – Skyldur fluglækna

MED.A.025(α)/ATCO.MED.A.025(α) Obligations of AeMC, AME, GMP and OHMP

When conducting aero-medical examinations and aero-medical assessments, AeMC, AME, GMP and OHMP shall:

- (1) ensure that communication with the person can be established without language barriers;*
- (2) make the applicant aware of the consequences of providing incomplete, inaccurate or false statements on their medical history.*
- (3) notify the licensing authority, or, in the case of cabin crew attestation holders, notify the competent authority, if the applicant provides incomplete, inaccurate or false statements on their medical history.*
- (4) notify the licensing authority if an applicant withdraws the application for a medical certificate at any stage of the process.*

Ef ekki er mögulegt að tryggja skilning milli umsækjanda og fluglæknis vegna tungumála örðugleika, skal hætta skoðun án útgáfu vottorðs.

Við hverja skoðun ber fluglækni að gera umsækjanda grein fyrir afleiðingum ef gefnar eru rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um heilsufar/sjúkrasögu viðkomandi. Jafnvel þó að umsækjandi hafi gefið fluglækni upplýsingar um heilsufar í fyrri skoðunum, þarf jafnframt að gefa upp þær upplýsingar í hverri skoðun eftirleidis þegar sótt er um endurnýjun eða framlengingu á vottorði.

Þá ber fluglæknum að tilkynna Samgöngustofu eða lögbæru yfirvaldi umsækjanda ef umsækjandi gefur fluglækni rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við umsókn vottorðs, einnig ef umsækjandi dregur umsókn sína um skoðun til baka.

Afleiðingar þess að gefa rangar eða ófullnægjandi upplýsingar.

Að halda aftur af eða leyna heilsufarsupplýsingum er álitid alvarlegt brot, og fluglæknum ber að upplýsa umsækjanda um það. Ef fluglæknir verður var við að umsækjandi hafi ekki gefið upp fullnægjandi upplýsingar, eða að handhafi vottorðs hafi ekki tilkynnt um breytingar á heilbrigði sínu á gildistíma vottorðs, skal hann tilkynna slíkt til Samgöngustofu eða lögbærs yfirvalds handhafa. Slíkt brot getur haft þær afleiðingar að vottorð verði afturkallað. Í alvarlegri málum gæti slíkt brot verið refsivert sbr. 253 gr. laga um loftferðir nr. 80/2022.



MED.A.025(b) Obligations of AeMC, AME, GMP and OHMP

After completion of the aero-medical examinations and/or assessment, the AeMC, AME, GMP and OHMP shall:

- (1) inform the applicant whether he or she is fit, unfit or referred to the medical assessor of the licensing authority, AeMC or AME, as applicable;
- (2) inform the applicant of any limitation that may restrict flight training or the privileges of his or her licence or cabin crew attestation, as applicable;
- (3) if the applicant has been assessed as unfit, inform him or her of his or her right to have the decision reviewed in accordance with the procedures of the competent authority;
- (4) in the case of applicants for a medical certificate, submit without delay to the medical assessor of the licensing authority a signed, or electronically authenticated, report containing the detailed results of the aero- medical examinations and assessments as required for the class of medical certificate and a copy of the application form, the examination form, and the medical certificate;
- (5) inform the applicant of his or her responsibilities in the case of decrease in medical fitness, as specified in point MED.A.020.

ATCO.MED.A.025(b) Obligations of AeMC and AME

(b) After completion of the aero-medical examinations and assessment, the AeMC and AME shall:

- (1) advise the applicant whether fit, unfit or referred to the licensing authority;
- (2) inform the applicant of any limitation placed on the medical certificate; and
- (3) if the applicant has been assessed as unfit, inform him/her of his/her right of a review of the decision; and
- (4) submit without delay to the licensing authority a signed, or electronically authenticated, report containing the detailed results of the aero-medical examination and assessment for the medical certificate and a copy of the application form, the examination form and the medical certificate; and
- (5) inform the applicant of their responsibility in the case of decrease in medical fitness as specified in ATCO.MED.A.020.

Hér að neðan má finna upplýsingar sem fluglækni ber að kynna umsækjanda eftir að skoðun hefur farið fram, ásamt kröfum varðandi útfyllingu og skil á skoðunar gögnum.

Skyldur fluglækna til að upplýsa umsækjendur

Að lækni skoðun lokinni skal fluglæknir upplýsa umsækjanda um:

- niðurstöður fluglæknis úr skoðun og hvort umsækjandi uppfylli skilyrði um heilbrigði
- þegar við á, að umsókn verði vísað til / fluglæknir muni ráðfæra sig við yfirlækni Samgöngustofu eða lögbært yfirvald viðkomandi
- þegar umsókn er hafnað, að umsækjandi hafi rétt á því að áfrýja niðurstöðu fluglæknis til yfirlæknis Samgöngustofu, eða lögbærs yfirvalds viðkomandi, á þar til gerðu eyðublaði: *Tilkynning um höfnun á útgáfu heilbrigðisvottorðs*. Eyðublaðið má nálgast hjá starfsfólki heilbrigðisskorar Samgöngustofu á netfanginu medical@icetra.is.



Við útgáfu vottorðs skal fluglæknir upplýsa handhafa um að handhafi skuli ekki neyta réttinda skírteina sinna, viðeigandi áritunar eða vottorða ef:

- þeim er kunnugt um einhverja skerðingu heilbrigðis síns sem gæti gert þá óhæfa til að neyta þessara réttinda af öryggi,
- þeir taka lyf, hvort sem því hefur verið ávísað eða fengið án lyfseðils, sem er líklegt til að koma í veg fyrir að þeir geti neytt réttinda viðeigandi skírteinis með öruggum hætti,
- þeir sæta læknismeðferð, skurðlækningameðferð eða annarri meðferð sem er líkleg til að hafa áhrif á flugöryggi

Að auki skulu handhafar skírteina tafarlaust leita ráða fluglæknis, áður en þeir neyta aftur réttinda sinna, ef þeir:

- hafa gengist undir skurðaðgerð eða inngripsaðgerð,
- hafa hafið reglubundna notkun á einhverju lyfi,
- hafa orðið fyrir verulegum líkamsmeiðslum sem valda óhæfi til að starfa sem flugliði,
- hafa glímt við hvers kyns alvarleg veikindi sem valda óhæfi til að starfa sem flugliði,
- er barnshafandi,
- hafa verið lagðir inn á sjúkrahús eða læknastofu, eða
- þurfa í fyrsta sinn sjóngler til leiðréttingar

Hafi handhafi skírteinis upplifað skerðingu á heilbrigði sínu skv. framangreindu skal hann leita ráða hjá fluglækni eða fluglæknasetri því sem gaf út vottorð þeirra. Í þeim tilvikum skal fluglæknir eða fluglæknasetur meta heilbrigði viðkomandi og ákveða hvort þeim sé heimilt að neyta aftur réttinda sinna.

Þetta á við um heilbrigðisvottorð í flokkum 1, 2, 3, LAPL og skýrslu (e. report) öryggis- og þjónustuliða sbr. MED.A.020 í reglugerð (ESB) 1178/2011 og ATCO.MED.A.020 í reglugerð (ESB) 2015/340.

Endurskoðun heilbrigðisskorar (VER-0125)

Í þeim tilvikum þegar umsækjandi er ósammála niðurstöðu fluglæknis, um synjun á útgáfu heilbrigðisvottorðs, og áfrýjar niðurstöðunni til Samgöngustofu, fer af stað endurskoðunarferli heilbrigðisskorar. Ferli hvað þetta varðar er skilgreint á tveimur stigum, endurskoðun og seinni endurskoðun (e. secondary review).

Þegar umsækjandi um heilbrigðisvottorð áfrýjar til Samgöngustofu vegna niðurstöðu fluglæknis um útgáfu heilbrigðisvottorðs eru málgögn yfirfarin og borin saman við kröfur í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 og reglugerð (ESB) nr. 2015/340 og í því leiðbeiningaefni sem við á. Ef ástæða er til er umsækjandi um heilbrigðisvottorð krafinn um sérstakar heilbrigðisskoðanir. Heilbrigðisskor er jafnframt heimilt að óska eftir aðstoð tiltekinna sérfræðinga við mat á gögnum.



Heilbrigðisskor tilkynnir umsækjanda skriflega fyrirhugaða niðurstöðu sína um hvort heilbrigðisvottorð verði gefið út og skýrir frá takmörkunum ef um þær er að ræða. Gefa skal umsækjanda kost á andmælum sbr. 13. gr. Stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og gr. 1.2.4.6.3 í reglugerð um skírteini og stjórnsýslulög nr. 400/2008.

Sætti umsækjandi sig við fyrirhugaða niðurstöðu eða ef andmæli berast ekki skal ákvörðun tilkynnt.

Sætti umsækjandi sig ekki við fyrirhugaða niðurstöðu getur heilbrigðisskor farið yfir málið aftur (e. secondary review), kallað til lækni eða lækna sem komu ekki að þeirri fyrirhuguðu ákvörðun sem tilkynnt var.

Til þessa getur komið í eftirtöldum tilvikum:

1. Mál þar sem umsækjandi um heilbrigðisvottorð sættir sig ekki við fyrirhugaða ákvörðun heilbrigðisskorar, t.d. með því að andmæla ætlaðri ákvörðun um að gefa ekki út heilbrigðisvottorð.
2. Vafamál sem heilbrigðisskor framvísar til frekari umfjöllunar af eigin frumkvæði.
3. Andmælum umsækjanda fylgja ný gögn sem taka þarf til skoðunar.

Endurskoðun þessi skal framkvæmd af yfirlækni heilbrigðisskorar Samgöngustofu sem getur leitað álits sérfræðinga eða fluglækna eftir því sem við á í hverju máli. Heilbrigðisskor tilkynnir umsækjanda formlega, eftir endurskoðun, um fyrirhugaða ákvörðun sína eftir endurskoðun málsins. Þ.e. hvort heilbrigðisvottorð verði gefið út og skýrir frá takmörkunum ef um slíkt er að ræða.

Sé ákvörðun tekin um að synja útgáfu heilbrigðisvottorðs skal umsækjanda veittur kærufrestur til ráðuneytis sbr. VII kafla Stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Allar niðurstöður skulu vera samkvæmt kröfum og viðmiðunum reglugerðar (ESB) nr. 1178/2011, reglugerðar (ESB) nr. 2015/340, viðkomandi skýringarefni og ICAO Annex 1 eftir því sem við á.

Önnur endurskoðun heilbrigðisskorar (e. Secondary review VER-0136)

Skipulag annarrar endurskoðunar skal vera í samræmi við ákvæði greinar 1.2.4.11 í reglugerð um skírteini og ARA.MED.325 í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 og er endurskoðunarnefndin skilgreind sem hluti af sama stjórnsýslustigi og heilbrigðisskor.

Formaður endurskoðunarnefndar sér til þess að við matið sé farið eftir kröfum í reglugerð um skírteini nr. 400/2008, reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 og reglugerð (ESB) nr. 2015/340 auk leiðbeiningaefnis sem við á hverju sinni og jafnframt að öll tiltæk gögn séu til staðar við matið.

Framsetning á niðurstöðu skal vera með formlegum hætti. Ef til útgáfu heilbrigðisvottorðs kemur skal formaður nefndar undirrita vottorðið ef heilbrigðisskor óskar þess.



Útfylling og skil á skoðunar gögnum til Samgöngustofu

Aðeins skal skila inn skoðunarblöðum sem eru bæði rétt út fyllt og að fullu, þetta á einnig við um öll fylgigögn skoðana. Þá skulu öll gögn þ.m.t. umsókn, skoðunarblað og útgefið vottorð, vera undirrituð af bæði fluglækni og umsækjanda eins og við á. Samkvæmt ARA.MED.315 í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 er Samgöngustofu skylt að endursenda fluglæknum skoðanir þar sem upplýsingar teljast rangar eða ófullnægjandi, halda yfirlit yfir hlutfall slíkra skoðana og grípa til viðurlaga eftir því sem við á.

Fluglæknar sem hafa starfsleyfi útgefið af Samgöngustofu skulu skila gögnum sínum inn í gegnum örugga gátt á island.is ef um er að ræða handhafa vottorðs sem gefið er út hér á landi.

Sé um að ræða handhafa vottorðs sem gefið er út af öðru aðildarríki EASA, er fluglæknir ábyrgur fyrir því að skoðunar gögn ásamt fylgigögnum sé skilað til viðeigandi yfirvalds hverju sinni.

Upplýsingar um tengiliði / yfirlækna (AMS) innan EASA má finna [hér](#).

Fluglæknir skal gera grein fyrir öllum heilbrigðis vandamálum eða óvenjulegu ástandi umsækjanda í hverri skoðun, jafnvel þó að það hafi verið gert í fyrri skoðun. Umsækjandi skal sýna fram á viðeigandi gögn frá sérfræðilæknum eða heimilislækni sem styðja við mál hans, fluglæknir skal láta afrit fylgja skoðunar gögnum.

Fluglæknir skal tryggja að allar upplýsingar liggi fyrir og séu rétt skráðar áður en gögnum er skilað inn til Samgöngustofu, þannig að yfirlæknir heilbrigðisskorar hafi tækifæri til þess að leggja sjálfstætt mat á það hvort viðkomandi uppfylli kröfur til útgáfu heilbrigðisvottorðs.

Þetta á við um umsóknir um heilbrigðisvottorð (fyrsta útgáfa, framlenging eða endurútgáfa).

Mælst er til þess að fluglæknar haldi utan um leiðbeiningar á skriflegan hátt í tilvikum þar sem handhafa vottorðs er gert að leita til fluglæknis vegna skerðingu á heilbrigði sínu sbr. MED.A.020 / ATCO.MED.A.020.



Skráning fluglæknaskoðana í EAMR

Evrópski fluglæknagagnagrunnurinn (European Aero-Medical Repository – EAMR) er stjórnað af EASA. Í dag eru það eingöngu fyrsta flokks skoðanir sem skráðar eru í EAMR, markmið gagnagrunnsins er að tryggja að fluglæknar hafi aðgang að nauðsynlegum upplýsingum er varða 1 flokks heilbrigðisskoðanir sem framkvæmdar hafa verið í öðrum löndum.

Í framhaldi af fyrsta flokks fluglæknisskoðun skal fluglæknir skrá eftirfarandi upplýsingar í EAMR:

- Fullt nafn
- Fæðingardagur
- Ríkisfang
- Netfang
- Númer skilríkis (vegabréf / ökuskírteini)
- Dagsetning fluglæknisskoðunar
- Gildistími heilbrigðisvottorðs
- Staðsetning skoðunar
- Takmarkanir ef við á
- Lögbært yfirvald
- Nafn fluglæknis
- Staða umsóknar

Fluglæknum ber skylda til að skoða EAMR áður en fyrsta flokks heilbrigðisvottorð er gefið út.

EAMR geymir hvorki upplýsingar varðandi sjúkdómssögu né læknisfræðilegt mat eða rökstuðning sem liggur til grundvallar útgáfu / synjun heilbrigðisvottorðs.

Fluglæknum er bent á að kynna sér notendaleiðbeiningar og þjálfunargögn sem eru aðgengileg á heimasíðu [EASA](https://www.easa.europa.eu).

Komi upp tæknileg vandamál varðandi EAMR geta fluglæknar haft samband við EASA með tölvupósti á netfangið: EAMR-Support@easa.europa.eu



MED.A.025(d)/ATCO.MED.A.025(c) Obligations of AeMC, AME, GMP and OHMP

AeMCs, AMEs, GMPs and OHMPs shall maintain records with details of aero-medical examinations and assessments performed in accordance with this Annex (Part-MED) and their results for a minimum of 10 years, or for a longer period if so determined by national legislation.

Meðferð og geymsla gagna

Fluglæknir / fluglæknasetur skal alltaf ganga úr skugga um að umsækjandi undirriti yfirlýsingu. Frumrit skoðana blaða og yfirlýsingu umsækjanda skal geyma í a.m.k. 10 ár, og afrit sent Samgöngustofu skv. framangreindu ferli.

MED.A.025(c)

Where consultation with the medical assessor of the licensing authority is required in accordance with this Annex (Part-MED), the AeMC and AME shall follow the procedure established by the competent authority.

MED.A.025(e)

AeMCs, AMEs, GMPs and OHMPs shall submit to the medical assessor of the competent authority, upon request, all aero-medical records and reports, and any other relevant information, when required for: (1) medical certification; (2) oversight functions.

ATCO.MED.A.025(d)

AeMCs and AMEs shall submit to the medical assessor of the competent authority, upon request, all aero-medical records and reports, and any other relevant information when required for: (1) medical certification; (2) oversight functions.

MED.A.050 (a)/ATCO.MED.A.050

If an applicant for a Class 1, Class 2 or Class 3 medical certificate is referred to the licensing authority in accordance with MED.B.001/ATCO MED.B.001, the AeMC or AME shall transfer the relevant medical documentation to the licensing authority.

MED.A.035(α) / ATCO.MED.A.035(α)

Applications for a medical certificate shall be made in a format established by the competent authority

Hér að neðan verður farið yfir vinnuferli fyrir tilvik þar sem fluglæknar vísa málum til yfirlæknis heilbrigðisskors Samgöngustofu eða leita þar ráða.

Tilvísun til yfirlæknis heilbrigðisskora Samgöngustofu (VER-0133)

Vinnuferli Samgöngustofu þegar fluglæknar vísa ákvörðun um heilbrigði einstaklinga til heilbrigðisskora. Athugið að öll samskipti vegna tilvísunar skulu vera skrifleg til að tryggja rekjanleika málsins, tungumál sem samþykkt eru af Samgöngustofu eru íslenska og enska. Séu fylgigögn á öðru tungumáli skulu fylgja með þýðingar frá viðurkenndum túlk. Þá skulu fluglæknar gera grein fyrir ástæðu þess að máli sé vísað til yfirlæknis heilbrigðisskors með vísan í viðeigandi reglugerðar ákvæði, ásamt faglegri ályktun fluglæknis.

Fluglæknar skulu framkvæma fluglæknisskoðun á umsækjanda í samræmi við gildandi reglur. Ef þörf þykir, skulu fluglæknar sjá til þess að frekari sérfræðirannsóknir séu framkvæmdar og fá tilheyrandi skýrslur afhentar að þeim loknum. Hér getur átt við sem dæmi skoðanir háls-, nef- og eyrnalæknis, geðlæknis eða sálfræðings.



Ef fluglæknir er að þessu ferli loknu sannfærður um að viðkomandi uppfylli heilbrigðiskröfur skal viðeigandi heilbrigðisvottorð gefið út, með takmörkunum ef við á.

Ef fluglæknir er ekki sannfærður um að umsækjandi uppfylli heilbrigðiskröfur, með eða án takmörkunar, skal hann hafna útgáfu heilbrigðisvottorðs og afhenda umsækjanda þar til gert eyðublað ásamt því að tilkynna honum að hann geti kvartað undan höfnun til Samgöngustofu.

Ef heilsufar umsækjanda er þess eðlis að hugsanlega sé um að ræða tímabundið ástand sem kemur í veg fyrir að kröfur um heilbrigði séu uppfylltar, skal fluglæknir ræða það við umsækjandann og benda honum á að sækja um aftur þegar tímabundna ástandið er liðið hjá.

Í undantekningartilfellum þegar fluglæknir er ekki viss um hvort umsækjandi uppfylli kröfur til útgáfu heilbrigðisvottorðs þrátt fyrir að hafa framkvæmt skoðun og fengið álit sérfræðilækna getur hann vísað málinu til yfirlæknis heilbrigðisskorar Samgöngustofu. Slíkri tilvísun skulu fylgja öll gögn sem þarf til að leggja mat á heilbrigði, sbr. 82 gr. laga um loftferðir nr. 80/2022.

Ef yfirlæknir Samgöngustofu telur að umsækjandi uppfylli kröfur til útgáfu með takmörkun getur hann heimilað fluglækni að gefa vottorðið út með takmörkuninni.

Þegar fluglæknasetur eða fluglæknir vísa ákvörðun um heilbrigði umsækjanda til heilbrigðisskorar skal heilbrigðisskor:

1. fara yfir gögn málsins og óska eftir frekari gögnum, rannsóknum eða prófunum eftir því sem við á og
2. meta hvort umsækjandi uppfylli kröfur til útgáfu heilbrigðisvottorðs, með takmörkunum ef við á. Sjá í þessu samhengi lista yfir takmarkanir í AMC2 MED.B.001 / AMC2 ATCO.MED.B.001

Eftir að niðurstaða liggur fyrir skal heilbrigðisskor láta viðeigandi fluglæknasetri / fluglækni í hendur niðurstöðuna ásamt þeim gögnum sem ákvörðun um heilbrigði er byggð á. Ef niðurstaða yfirlæknis heilbrigðisskors Samgöngustofu er að synja um útgáfu heilbrigðisvottorðs tekur við formlegt ferli með stjórnvaldsákvörðun skv. VER-0125.



MED.A.035 / ATCO.MED.A.035 – Umsókn um heilbrigðisvottorð

MED.A.035(b)/ATCO.MED.A.035(b) Application for a medical certificate

Applicants for a medical certificate shall provide the AeMC, AME or GMP as applicable, with:

(1) proof of their identity;

(2) a signed declaration:

(i) of medical facts concerning their medical history;

(ii) as to whether they have previously applied for a medical certificate/ have undergone an aero-medical examination for a medical certificate

and, if so, by whom and with what result;

(iii) as to whether they have ever been assessed as unfit or had a medical certificate suspended or revoked.

Athugun á auðkenni umsækjanda

Umsækjandi skal ávallt sýna gild skilríki (ökuskírteini eða vegabréf) við fyrstu skoðun hjá fluglækni, fluglæknir ber ábyrgð á því að athuga auðkenni umsækjanda. Ef fluglæknir hefur ekki áður skoðað viðkomandi umsækjanda skal afrit af skilríkjum viðkomandi fylgja skoðunar gögnum sem sönnun þess að skilríki hafi verið skoðuð.

Umsókn um heilbrigðisvottorð

Fluglæknir skal skoða umsókn um heilbrigðisvottorð vandlega með umsækjandanum til þess að tryggja að öllum upplýsingum hafi verið gerð skil. Fluglæknir skal ræða allar þær upplýsingar sem gefnar eru í umsókninni við umsækjanda og tryggja að afrit af öllum viðeigandi gögnum fylgi við skil á gögnum til Samgöngustofu. Ef umsækjandi hefur áður verið metinn UNFIT skal tilgreina ástæðu þess (þó að það hafi verið gert í fyrri skoðun) og fluglæknir metur núverandi ástand viðkomandi með tilliti til áhrifa þess á flugöryggi.



MED.A.035(c) Application for a medical certificate

When applying for a revalidation or renewal of the medical certificate, applicants shall present the most recent medical certificate to the AeMC, AME or GMP, as applicable, prior to the relevant aero-medical examinations.

ATCO.MED.A.035(c) Application for a medical certificate

When applying for a revalidation or renewal of the medical certificate, applicants shall present the medical certificate to the AeMC or AME prior to the relevant examinations.

Athugun á fyrri skoðun umsækjanda

Við endurnýjun eða framlengingu vottorðs skal fluglæknir athuga fyrri skoðun umsækjanda með áherslu á eftirfarandi atriði:

1. Takmarkanir
 - i. Fluglækni ber að þekkja umfang takmörkunar í vottorði viðkomandi, ef það er ekki tekið skýrt fram í vottorði skal fluglæknir athuga ákvörðun takmörkunarinnar.
 - ii. Takmarkanir skulu tilgreindar í endurnýjuðu / framlengdu vottorði nema að reglugerð segi til um annað.
2. Gildistími fyrra vottorðs
 - i. Ef útgáfa vottorðs er gerð minna en 45 dögum áður en gildistími vottorðs rennur út, gilda reglur um framlengingu.
 - ii. Ef meira en 2 ár hafa liðið frá því að vottorð (class 1, 2 eða 3) rann út, þarf að framkvæma fulla fluglæknisskoðun áður en hægt er að íhuga útgáfu vottorðs (MED.A.045(c)(2)(i) og ATCO.MED.A.045(c)(2)(ii)). Umsækjandi þarf að samþykkja að fluglæknir skoði fyrri heilbrigðisskoðanir eða kalli eftir slíkum gögnum frá Samgöngustofu.

MED.A.040 / ATCO.MED.A.040 – Útgáfa heilbrigðisvottorða

MED.A.040(a)/ATCO.MED.A.040(a) Issuance, revalidation and renewal of medical certificates

A medical certificate shall only be issued, revalidated or renewed once the required aero-medical examinations and assessments, as applicable, have been completed and the applicant has been assessed as fit.

Umsókn verður að vera fyllilega útfyllt áður en vottorð er útgefið

Fluglæknir má ekki gefa út vottorð án þess að tryggja að öll nauðsynleg gögn og upplýsingar liggi fyrir og hafi verið afrituð. Í tilfellum þar sem fluglæknir hefur vísað máli til yfirlæknis heilbrigðisskorar, skal fluglæknir ekki gefa út vottorð fyrr en ákvörðun yfirlæknis liggur skriflega fyrir.



MED.A.040(a)/ATCO.MED.A.040(d) Issuance, revalidation and renewal of medical certificates

The AeMC, AME or GMP shall only issue, revalidate or renew a medical certificate if both of the following conditions have been met:

- (1) the applicant has provided them with a complete medical history and, if required by the AeMC, AME or GMP, with results of medical examinations and tests conducted by the applicant's physician or any medical specialists;
- (2) the AeMC, AME or GMP has conducted the aero-medical assessment based on the medical examinations and tests as required for the relevant medical certificate to verify that the applicant complies with all the relevant requirements of this Annex (Part-MED).

Krafa um sjúkrasögu umsækjenda

Fluglæknar bera ábyrgð á því að fá fullt yfirlit yfir heilsufarssögu umsækjanda og afla þannig nægjanlegra upplýsinga til að geta metið heilbrigði umsækjanda og tekið upplýsta ákvörðun um heilbrigði viðkomandi í samræmi við gildandi kröfur. Til að uppfylla kröfu um að hafa aðgang að nauðsynlegum upplýsingum geta fluglæknar:

- Beðið umsækjendur um að koma með afrit af eigin sjúkraskrá í skoðunina eða;
- Beðið umsækjendur um að óska þess að heilsugæslan þeirra sendi afrit af sjúkraskrá beint til fluglæknis.



Leiðbeiningar varðandi Part-MED Subpart D/Part-ATCO.MED Subpart C

Kröfur um viðurkenningu fluglækna



MED.D.001 / ATCO.MED.C.001 – Heimildir

MED.D.001(d)/ATCO.MED.C.001(b)

The scope of the privileges of the AME, and any condition thereof, shall be specified in the certificate.

Heimildir sem fylgja starfsleyfi fluglæknis

Á viðhengi við starfsleyfi fluglæknis kemur fram í hvaða flokkum fluglækni er heimilt að gefa út heilbrigðisvottorð. Með hliðsjón af þeim heimildum sem veittar eru getur fluglæknir að jafnaði gefið heimild til að framkvæma fluglæknisskoðun og gefa út fyrstu, endurnýjuð eða framlengd heilbrigðisvottorð í flokki 2/LAPL, sem og heilbrigðisskýrslur fyrir öryggis- og þjónustuliða.

Fluglæknar með heimild í flokki 1 geta jafnframt framkvæmt fluglæknisskoðun og gefið út endurnýjuð eða framlengd heilbrigðisvottorð í flokki 1. Á sama hátt hafa fluglæknar með heimild til að endurnýja eða framlengja heilbrigðisvottorð í flokki 3, að undangenginni fluglæknisskoðun.

Fyrsta útgáfa heilbrigðisvottorðs í flokki 1 eða flokki 3 skal ávallt fara fram á fluglæknasetri sem hefur gilt starfsleyfi (AeMC).

Starfsemi fluglækna

Fluglækni ber að starfa í samræmi við gildandi kröfur og reglugerðir, þegar hann neytir réttinda sinna. Samgöngustofa gerir ráð fyrir því að fluglæknar fylgi þeim verkferlum sem m.a. koma fram í þessu skjali, sem ætlaðar eru til þess að styðja við og útskýra kröfur Part-MED og Part-ATCO.MED að hluta.

Samgöngustofa gerir þá kröfu til fluglækna sem hafa starfsleyfi útgefið af stofnuninni viðhaldi þekkingu sinni á gildandi lögum, kröfum og leiðbeinandi efni sem varða fluglæknisskoðanir og útgáfu heilbrigðisvottorða og fari eftir þeim.

Þá er gert ráð fyrir því að fluglæknar geri sér grein fyrir sérfræði hlutverki sínu þegar þeir neyta réttinda og heimilda sem Samgöngustofa hefur veitt þeim. Samgöngustofa getur takmarkað eða afturkallað starfsleyfi fluglæknis og fluglæknaseturs ef ekki er starfað í samræmi við gildandi lög og reglur.



MED.D.005 – Umsókn um starfsleyfi fluglæknis (AME)

MED.D.005(a) og (b)

An application for an AME certificate or for an extension of the privileges of an AME certificate shall be made in a form and manner specified by the competent authority.

Applicants for an AME certificate shall provide the competent authority with:

- (1) their personal details and professional address;*
- (2) documentation demonstrating that they comply with the requirements of point MED.D.010, including evidence of successful completion of the training course in aviation medicine appropriate to the privileges they apply for;*
- (3) a written declaration that, once the AME certificate has been issued, the AME will issue medical certificates on the basis of the requirements of this Regulation.*

Umsókn um starfsleyfi fluglæknis (AME)

Þegar sótt er um upphafsútgáfu eða framlengingu á starfsleyfi fluglæknis hjá Samgöngustofu skal nota þar til gert eyðublað. Eyðublað má nálgast hjá starfsfólki heilbrigðisskors Samgöngustofu á netfanginu medical@icetra.is. Mikilvægt er að skilað sé inn öllum þeim fylgi- og stoðgögnum sem eyðublaðið tilgreinir til þess að hægt sé að taka umsóknina til afgreiðslu.

MED.D.010 – Fyrsta útgáfa starfsleyfis fluglæknis (flokkur 2)

MED.D.010 Requirements for the issue of an AME certificate

Applicants shall be issued an AME certificate, where they meet all of the following conditions:

- (a) they are fully qualified and licensed for the practice of medicine and have evidence of completion of specialist medical training;*
- (b) they have successfully completed a basic training course in aviation medicine, including practical training in the examination methods and aero-medical assessments;*
- (c) they have demonstrated to the competent authority that they: (1) have adequate facilities, procedures, documentation and functioning equipment suitable for aero-medical examinations; (2) have in place the necessary procedures and conditions to ensure medical confidentiality.*

Útgáfa starfsleyfis fluglæknis (flokkur 2)

Kröfur um útgáfu starfsleyfis fluglæknis í flokki 2 eru skilgreindar í Part-MED, ákvæði MED.D.010, og fela í sér að eftirfarandi atriði séu uppfyllt og skjalfest:

- Læknaleyfi – fluglæknir skal hafa gilt leyfi til að starfa sem læknir
- Sérnáam – fluglæknir skal geta sýnt fram á að hafa lokið sérnámi í læknisfræði, ekki er afmarkað hvaða sérgreinar.
- Grunn námskeið fluglækna – fluglæknir skal sýna fram á að hafa lokið grunn námskeiði fyrir fluglækna (AME basic training), þ.m.t. verklegri þjálfun. Grunn námskeið í fluglæknisfræði eru haldin erlendis, mælst er til þess að fá staðfest að námskeiðið sé samþykkt af EASA.
- Aðstaða – fluglæknir þarf að sýna fram á að aðstaða hans samræmist kröfum.



- Hafa ákvarðað nauðsynlegt verklag og skilyrði í því skyni að tryggja þagnarskyldu heilbrigðisstétta
- Lágmarks læknisbúnaður skal að minnsta kosti innihalda: hlustunarpípu, eyrnasjá, augnsjá, viðbragðshamar, blóðþrýstingsmæli, Snellen sjónpróf eða jafngilt, Ishihara litapróf (24 spjalda útgáfa), tæki til mælingar á hemóglóbíni (Hb) og blóðfitu, hjartalínurit (ECG), spírómetríu- og heyrnarprófunarbúnað (audiometry), auk N5/N14 lestrarprófs.
- Tækjabúnaður skal vera kvarðaður í samræmi við viðeigandi leiðbeiningar, og fluglæknir skal hafa kerfi til að tryggja reglubundna kvörðun í framtíðinni.
- Við fyrstu útgáfu starfsleyfis skal Samgöngustofa framkvæma úttekt á aðstöðu og verklagi fluglæknis áður en aðstaðan er notuð til að framkvæma fluglæknisskoðun.

AME vottorð skal gefa út til þriggja ára og á því formi sem skilgreint er í reglugerð 1178/2011 (appendix VII to Part.ARA) og 2015/340 (appendix 4 of Annex II).

MED.D.015 – Útvíkkun réttinda fluglæknis (flokkur 1)

MED.D.015 Requirements for the extension of privileges

Applicants shall be issued an AME certificate extending their privileges to the revalidation and renewal of class 1 medical certificates where they meet all of the following conditions:

(a) they hold a valid AME certificate;

(b) they conducted at least 30 examinations for the issue, revalidation or renewal of class 2 medical certificates or equivalent over a period of no more than 3 years preceding the application;

(c) they successfully completed an advanced training course in aviation medicine, including practical training in the examination methods and aero-medical assessments;

(d) they have successfully completed practical training of a duration of at least 2 days, either at an AeMC or under the supervision of the competent authority.

Útvíkkun réttinda fluglæknis í flokk 1

Kröfur fyrir útvíkkun heimild fluglæknis í flokk 1 eru skilgreindar í PartMED, lið MED.D.015. Fluglæknir skal hafa gilt starfsleyfi fluglæknis og jafnframt uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Fluglæknir skal hafa framkvæmt að lágmarki 30 fluglæknisskoðanir fyrir útgáfu, endurnýjun eða framlengingu heilbrigðisvottorða í flokki 2 á síðustu 3 árum.
- Fluglæknir skal hafa lokið framhaldsnámskeiði í fluglæknisfræði með fullnægjandi árangri, þ.m.t. verklegri þjálfun. Athuga skal að námskeiðið sé samþykkt af EASA.
- Fluglæknir skal hafa lokið verklegri þjálfun, sem stendur yfir í a.m.k. 2 daga, annaðhvort hjá fluglæknasetri með gilt starfsleyfi eða undir umsjón Samgöngustofu ef þarf.



- Jafnframt er gerð krafa um að fluglæknir hafi sýnt fram á fullnægjandi hæfni á meðan á þjálfun stendur. Þessi hæfni skal staðfest með vottorði sem undirritað er af yfirmanni fluglæknasetursins (AeMC), sbr. AMC1 MED.D.015(c) og (d).

ATCO.MED.C.010 – Útgáfa starfsleyfis fluglæknis – flokkur 3

ATCO.MED.C.010 Requirements for the issue of an AME certificate

Applicants for an AME certificate with the privileges for the revalidation and renewal of Class 3 medical certificates shall:

- (a) be fully qualified and licensed for the practice of medicine and hold a Certificate of Completion, or have evidence of specialist medical training;*
- (b) have successfully completed basic and advanced training courses in aviation medicine, including specific modules for the medical assessment of air traffic controllers and the specific environment in air traffic control;*
- (c) demonstrate to the competent authority that they:*
 - (1) have adequate facilities, procedures, documentation and functioning equipment suitable for aero-medical examinations; and*
 - (2) have in place the necessary procedures and conditions to ensure medical confidentiality.*

Útgáfa starfsleyfis fluglæknis fyrir flokk 3

Fyrsta útgáfa starfsleyfis fluglæknis í flokki 3 er háð sömu kröfum og gilda um fyrstu útgáfu starfsleyfis í flokki 2, auk þess sem fluglæknir skal hafa lokið framhaldsnámskeiði í fluglæknisfræði.

Framhaldsnámskeiðið skal meðal annars fela í sér fræðslu og/eða þjálfun varðandi rekstrarumhverfi og gildandi heilbrigðiskröfur fyrir flugumferðarstjóra (ATCO). Fluglæknir skal búa yfir nægjanlegri þekkingu á starfsumhverfi og rekstrarkröfum flugumferðarstjóra til að geta metið hvort skerðing á líkamlegri eða andlegri færni, eða aðrir heilbrigðisþættir, hafi áhrif á flugöryggi.

Að auki skal fluglæknir vera fær um að meta áhættu og afleiðingar skyndilegrar/læknisfræðilegrar óvinnufærni (e. incapacitation), og hvort og með hvaða hætti megi beita takmörkunum til að tryggja flugöryggi við slíkar aðstæður.

AME vottorð með heimild fyrir 3. flokks vottorð skal gefa út til þriggja ára á því formi sem skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 2015/340 (APPENDIX 3 OF ANNEX II).



MED.030 / ATCO.MED.C.025 – Framlenging réttinda

MED.D.030 Validity of AME certificates

An AME certificate shall be valid for a period of 3 years, unless the competent authority decides to reduce that period for duly justified reasons related to the individual case. Upon application by the holder, the certificate shall be:

(a) revalidated, provided that the holder:

- (1) continues to fulfil the general conditions required for medical practice and maintains his or her licence for the practice of medicine;
- (2) has undertaken refresher training in aviation medicine within the last 3 years;
- (3) has performed at least 10 aero-medical examinations or equivalent every year;
- (4) remains in compliance with the terms of the certificate;
- (5) exercises the privileges in accordance with the requirements of this Annex (Part-MED);
- (6) has demonstrated that he or she maintains his or her aero-medical competency in accordance with the procedure established by the competent authority.

(b) renewed, provided that the holder complies with either the requirements for revalidation set out in point (a) or with all of the following requirements:

- (1) continues to fulfil the general conditions required for medical practice and maintains his or her licence for the practice of medicine;
- (2) has undertaken refresher training in aviation medicine within the previous year;
- (3) has successfully completed practical training within the previous year, either at an AeMC or under the supervision of the competent authority;
- (4) remains in compliance with the requirements of point MED.D.010;
- (5) has demonstrated that he or she maintains his or her aero-medical competency in accordance with the procedure established by the competent authority.

ATCO.MED.C.025 Validity of AME certificates

An AME certificate shall be issued for a period not exceeding 3 years. It shall be revalidated provided the holder:

- (a) continues to fulfil the general conditions required for medical practice and maintains registration as a medical practitioner;
- (b) has undertaken refresher training in aviation medicine and in the working environments of air traffic controllers within the last 3 years;
- (c) has performed at least 10 aero-medical examinations every year. This number of examinations may only be reduced by the competent authority in duly justified circumstances;
- (d) remains in compliance with the terms of their AME certificate; and
- (e) exercises the AME privileges in accordance with this Part.

Framlenging starfsleyfis fluglæknis

Umsókn um framlengingu á starfsleyfi fluglæknis skal leggja fram á þar tilgerðu eyðublaði sem má nálgast hjá starfsfólki heilbrigðisskors Samgöngustofu á netfanginu medical@icetra.is. Til þess að uppfylla skilyrði um framlengingu á starfsleyfi fluglæknis skal fluglæknir sýna fram á gilt læknaleyfi. Jafnframt skal uppfylla frekari skilyrði sem talin verða upp hér:

- Hafa lokið upprifjunarþjálfun sem nemur að minnsta kosti 20 klukkustundum á 3 árum fyrir heimild í flokki 2 og 3, 10 klukkustundum á ári, síðustu 3 ár fyrir heimildir í flokki 1, þar af skulu að lágmarki 6 klukkustundir vera undir umsjón eða á vegum Samgöngustofu.
- Hluti endurmenntunar má vera þátttaka í alþjóðlegum fluglæknisráðstefnum, þar sem ráðstefnur AsMA, ECAM og ICASM eru að jafnaði metnar til 10 klukkustunda af upprifjunarþjálfun.



- Fjögurra klukkustunda flug í hermi eða loftfari er metið sem 1 klukkustund í endurmenntun, þó að hámarki 5 klukkustundir á hverju 3 ára tímabili. Að öðrum kosti má meta 5 flugleggji (e. sectors) í stjórnklefa sem 1 klukkustund af upprifjunarþjálfun.
- Við útvíkkun heimilda í flokki 3 skal upprifjunarþjálfun sérstaklega innihalda fræðslu um heilbrigðiskröfur og rekstrarumhverfi flugumferðarstjóra.
- Fluglæknir skal hafa framkvæmt að lágmarki 10 fluglæknisskoðanir á ári, á síðustu 3 árum.

Samgöngustofa heimsækir og framkvæmir úttekt á fluglæknum einu sinni á síðustu 12 mánuðum gildistíma starfsleyfis þeirra.

MED.D.025 – Skylda fluglækna til þess að tilkynna breytingar sem gætu haft áhrif á starfsleyfi

MED.D.025 Changes to the AME certificate

(a) Holders of an AME certificate shall, without undue delay, notify the competent authority of the following circumstances which could affect their AME certificate:

- (1) the AME is subject to disciplinary proceedings or investigation by a medical regulatory body;
- (2) there are changes to the conditions under which the certificate was granted, including the content of the statements provided with the application;
- (3) the requirements for the issuance of the AME certificate are no longer met;
- (4) there is a change to the aero-medical examiner's practice location(s) or correspondence address.

(b) Failure to notify the competent authority in accordance with point (a) shall result in the suspension or revocation of the AME certificate in accordance with point ARA.MED.250 of Annex II (Part-ARA).

ATCO.MED.C.020 Changes to the AME certificate

(a) AMEs shall notify the competent authority of the following circumstances which could affect their certificate:

- (1) the AME is subject to disciplinary proceedings or investigation by a medical regulatory body;
- (2) there are any changes to the conditions under which the certificate was granted, including the content of the statements provided with the application;
- (3) the requirements for the issuance of the AME certificate are no longer met;
- (4) there is a change to the aero-medical examiner's practice location(s) or correspondence address.

(b) Failure to notify the competent authority shall result in the suspension or revocation of the AME certificate, on the basis of the decision of the competent authority that suspends or revokes the certificate.

Hér verða nefnd dæmi um mál sem fluglækni ber að tilkynna til lögbærs yfirvalds skv. reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, 2015/340 og skv. 81. gr. laga um loftferðir nr. 80/2022.

Tilkynning um rannsókn eða málsmeðferð

Ef fluglæknir sætir rannsókn heilbrigðisyfirvalda vegna starfs síns skal hann tilkynna um slíkt án tafa til yfirlæknis heilbrigðisskorar Samgöngustofu. Samgöngustofa mun meta hvert mál með tilliti til þess hvort það hafi áhrif á starfsleyfi fluglæknis.



Tilkynning um breytingar á hæfi eða starfsemi.

Ef breytingar verða á hæfi fluglæknis til þess að sinna skyldum sínum, hann uppfyllir ekki lengur kröfur til vottunar eða útgáfu yfirlýsingar eða ef fluglæknir ákveður að sinna ekki lengur fluglæknisskoðunum skal hann tilkynna slíkt til heilbrigðisskorar Samgöngustofu án tafa.

Tilkynning um flutning á aðsetri

Ef fluglæknir hyggst flytja aðsetur sitt og framkvæma þar heilbrigðisskoðanir skal það tilkynnt með formlegum hætti á þar til gerðu eyðublaði sem nálgast má hjá starfsfólki heilbrigðisskorar á netfanginu medical@icetra.is. Slík breyting er háð fyrirfram samþykki Samgöngustofu og fluglækni er óheimilt að hefja starfsemi áður en úttekt á nýju aðsetri hefur verið framkvæmd og nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út.

Jafnframt skal tilkynna Samgöngustofu ef aðstaða og/eða tækjabúnaður fluglæknis uppfyllir ekki lengur gildandi kröfur. Sama gildir um breytingar á samningum við sérfræðilækna eða rannsóknarstofur.

Tilkynning varðandi skírteinishafa

Verði lækni kunnugt um að flugliði sé haldinn slíku heilsufarsástandi að það geti skapað hættu við störf hans í loftfari skal læknirinn vara viðkomandi við og tilkynna Samgöngustofu um vitneskju sína án tafar.

Læknir sem kemst að því, eða hefur rökstuddan grun um, að flugliði eða öryggis- og þjónustuliði þjáist af atvinnusjúkdómi, atvinnutengdum sjúkdómi eða hafi orðið fyrir öðrum skaðlegum áhrifum af völdum starfa sinna skal tilkynna það til Samgöngustofu án ástæðulausrar tafar.